

## V. KAFLI

## Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

## 31. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingalögum, umferðarlögum o.s.frv.

## 32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

## 33. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Akureyri, nr. 44, 28. apríl 1954, með áorðnum breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Simon Sigvaldason.*

## FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

## I. KAFLI

## Um stjórn fjallskilamála o.fl.

## 1. gr.

Austur-Skaftafellssýsla er eitt fjallskilaumdæmi. Héraðsnefnd fer með yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sýslunni. Hún ákveður einnig fjárleitir á öræfum.

## 2. gr.

Fjallskiladeildir í sýslunni skulu vera: Bæjarhreppur, Nes, Höfn, Mýrar, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Þó er hægt að hafa aðra skiptingu í fjallskiladeildir ef sveitarstjórnir viðkomandi fjallskiladeilda óska, en til þess þarf samþykki héraðsnefndar.

## 3. gr.

Sveitarstjórnir fara með stjórn og framkvæmd allra afréttar- og fjallskilamála í hverri fjallskiladeild eða deildum innan sveitarfélaganna. Heimilt er sveitarstjórn að fela einum eða fleiri sveitarstjórnarmönnum að hafa á hendi umsjón og framkvæmd fjallskilamála er nefnist þá fjallskilastjóri eða fjallskilaneftnd. Sveitarstjórn, fjallskilaneftnd eða fjallskilastjóri, skipa

fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar þær smalanir er samþykkt þessi nær til, nema öræfaleitir og jafna niður fjallskilum, bæði dagsverkum og peningum.

4. gr.

Land það sem fjallskilasamþykkt þessi nær til skiptist í afrétti, heimalönd og öræfi. Það teljast afréttir sem að fornu hafa verið, hvort sem þeir eru í eigu sveitarfélaga, upprekstrarfélaga eða einstaklinga.

Almenningar eða öræfi kallast þau lönd sem óbyggðir eru og sem ekki verða talin til afrétta eða heimalanda.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að stofna sjóð er nefnist fjallskilasjóður og skal hlutverk hans aðeins vera að standa straum af fjallskilakostnaði sem ekki verður inntur af hendi með vinnuframlögum.

Tekjur hans eru þessar:

1. Andvirði óskilafjár.
2. Greiðsla í peningum skv. 3. gr.
3. Sektir vegna brota eða vanrækslu á fyrirmælum samþykktar þessarar.
4. Aðrar tekjur sem sveitarfélagið eða almennur borgarafundur samþykkir að skuli renna í sjóðinn.

Reikninga sjóðs þessa gerir sveitarstjórn samtímis reikningum sveitarsjóðs og lætur fylgja til héraðsnefndar.

6. gr.

Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarstarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Vorsmölun skal fara fram ákveði sveitarstjórn svo.

## II. KAFLI

### Um rekstur á afrétti.

7. gr.

Um upprekstrarrétt á afrétti einstaklinga fer eftir fornri venju eða samningum. Í framangreint afréttarland má taka búpening til sumargöngu af utansveitarsmönnum sem eigi hafa þar upprekstrarrétt en til þess þarf leyfi sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem land liggur. Ekki má veita framangreint leyfi ef ætla má að afrétturinn sé þegar fullnýttur af innansveitarsmönnum.

8. gr.

Komi í ljós við ítölu eða á annan sannanlegan hátt að afréttur upprekstarfélags er ekki fullnýttur en heimalönd jarða í samfélagi ofsetin, er sauðfjáreigendum þeirra jarða skylt að reka til afréttar þann hluta búfjárins sem er fram yfir leyfða ítölu afréttar. Verði misbrestur hér á getur sveitarstjórn látið reka fénað á kostnað eiganda. Verði ágreiningur út af grein þessari má vísa honum til úrskurðar sýslumanns.

## 9. gr.

Heimilt er landráðanda sem verður fyrir ágangi afréttarpenings að gera kvörtun um það til hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við 31. gr. laga nr. 6/1986.

## 10. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að takmarka og tímasetja rekstur til afrétta á vori.

Begar rekið er til afréttar gegnum heimalönd manna, skal það gert á þann hátt að sem minnstur bagi verði að og er sveitarstjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli fara. Aldrei má án leyfis eiganda reka fé á afrétt nema víst sé að það eigi að vera þar.

## 11. gr.

Eftir að fé er sleppt í afrétt og allt til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpening í annað sambærilegt ónæði nema sveitarstjórn leyfi.

## III. KAFLI

**Fjallskil.**

## 12. gr.

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur til að gera fjallskil með þeim hætti sem sveitarstjórn ákveður. Sveitarstjórn getur ákveðið að smölun heimalanda skuli metin til fjallskila.

Sveitarstjórn jafnar niður öllum kostnaði við fjallskil í réttu hlutfalli við sauðfjáreign. Forðagæsluskýrslur eða skattframtöl skulu lögð til grundvallar niðurrjöfnunar fjallskilakostnaðar. Eigendur eyðibýla eru skyldir til að gera fjallskil ef sveitarstjórn ákveður, skal þá fjallskilakostnaður miðast við landverð jarðar að frádregnu verði ræktaðs lands. Sveitarstjórn getur undanþegið þá menn fjallskilaskyldu sem hafa fé sitt í afgirtum heimalöndum eða eyjum.

## 13. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í því sveitarfélagi sem hann á heimili í. Full fjallskil skal maður inna af höndum í því sveitarfélagi sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, enda þótt hann eigi ekki lögheimili þar.

Nú nota einstaklingar eða upprekstarfélög til uppreksturs annan afrétt eða heimaland en þeim ber. Skulu þeir aðilar þá inna af höndum full fjallskil eftir sömu reglum og heimamenn í því upprekstarfélagi sem land liggur í. Skal þá miða við fénaðarfjölda þann sem aðkomumenn reka í landið. Þó er heimilt að gera sérstakan samning um fjallskilin.

Sá sem notar land utan upprekstrarfélagsins, skal tilkynna það sveitarstjórn í því sveitarfélagi sem hann á heima í áður en tvær vikur eru af sumri.

## 14. gr.

Fjallgöngur skulu vera þrennar haust hvert. Skal þá einnig smala til réttar heimalönd sem afréttarfénaður gengur að jafnaði í.

Að auki skal gerð eftirleit ef fjallskilastjórn telur ástæðu til. Sveitarstjórn ákveður að hve miklu leyti smölun heimalands skuli metin til fjallskila. Sveitarstjórn skal sjá um að göngur fari sem mest saman í þeim löndum sem saman liggja.

## 15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal fjallskilastjóri jafna niður í tæka tíð. Skal fjallskilabréf hafa borist fjallskilaskyldum aðilum eigi síðar en einni viku fyrir fyrsta gangnadag.

Kærur út af niðurjöfnun fjallskila skulu hafa borist oddvita sveitarstjórnar eigi síðar en 15. september. Náist ekki samkomulag getur aðili skotið máli sínu til úrskurðar sýslumanns.

16. gr.

Á fjallskilabréfi skal tekið nákvæmlega fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ennfremur hverjir skulu leggja menn á hvert afréttarsvæði fyrir sig, nefna til gangnastjóra, svo og þá sem sækja skulu fé í utanhrepparéttir.

Vanræki fjallskilaskyldur aðili að gera þau skil sem honum ber skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Að auki varðar slíkt sektum sem hækka ef brotin eru ítrekuð.

17. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra eða gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í rétt eða náthaga. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum.

18. gr.

Gangnastjóri skal áminna gangnamenn að fara svo vel sem unnt er að fénaði í göngum. Ef kindur koma fyrir sem ekki verður komið lifandi til rétta skal slátra þeim og tilkynna eiganda.

19. gr.

Ef fjáreigandi eða jarðeigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal tilkynna það sveitarstjórn eða fjallskilastjóra þrem dögum áður en skilin eiga að vinnast en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði. Borgar þá fjáreigandi sektarlaust allan þann kostnað sem af fjallskilum leiðir.

20. gr.

Fjallskilastjórnir skulu koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá er af þessu leiðir greiddast úr sömu sjóðum og fjallskil.

#### IV. KAFLI

##### **Hreinsun heimalanda.**

21. gr.

Hver bóndi er skyldur til að smala heimaland sitt á haustum. Sama gildir um eigendur eyðibýla þótt þeir eigi þar ekki fjárvon.

22. gr.

Sveitarstjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda jafnframt hverjum fjallgöngum. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns sem hún skipar. Allan óskilafénað sem kemur fyrir skal fara með samkvæmt ákvæðum fjallskilastjórnar. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá ákv. 21. og 22. gr. þar sem fé gengur í afgirtum heimalöndum eða eyjum.

## 23. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að eftir réttir á haustin séu öll heimalönd rækilega smöluð svo oft er hún telur nauðsynlegt og að fénu verði komið áfram eftir þeim leiðum er hún ákveður.

Þeir sem þurfa að smala víðáttumikil heimalönd, þar sem mikið er um afréttarpening, eiga rétt á að þau gangnaskil séu metin til fjallskila í fjallskilabréfi.

## V. KAFLI

**Göngur og réttir.**

## 24. gr.

Fjárleitir á öræfum skulu ákveðnar og kostaðar af héraðsnefnd sé talin þörf á. Sveitarstjórn þess sveitarfélags er besta aðstöðu hefur er skylt að framkvæma smölunina. Heimilt er héraðsnefnd að ákveða að fé sem finnst við öræfaleit skuli lógað sama haust.

## 25. gr.

Réttir í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

*Aðalréttir*

*Aukaréttir*

Hvammsrétt

Setbergsrétt

Meðalfellsrétt

Sveitarstjórnir ákveða hvenær skuli smala til hvernar réttar og skal það tilkynnt hverju sinni í fjallskilabréfi. Fjallskilabréf skal gefið út a.m.k. einni viku fyrir fyrstu smölun.

## 26. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til að kosta byggingu rétta, þ.e. almennings og dilka, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Nú verður ekki samkomulag um hvernig kostnaði við byggingu rétta skuli jafnað niður og sker þá héraðsnefnd úr. Við hverja aðalrétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum.

## 27. gr.

Sveitarstjórnir skulu fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og náthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og náthagar séu í góðu lagi þegar þarf að nota þá.

## 28. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni og einangra þær strax og þeirra verður vart. Hann skal sjá um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin sér í dilk svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Frá aukarétt skulu ómerkingar ganga til aðalréttar með öðru óskilafé.

Réttarstjóri kveður menn til að skoða óskil vandlega eftir markaskrá og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess að fé þeirra verði ekki eftir í óskilum. Réttarstjóri skal sjá til þess að allt fé sé tekið úr réttum og komið til skila.

## 29. gr.

Í réttum má enginn marka fénað án þess að skýra réttarstjóra frá því hvaða heimild hann hafi til mörkunarinnar.

## VI. KAFLI

**Hirðing fjár úr utansveitaréttum.**

30. gr.

Sveitarstjórn skal, sé þess þörf, skipa glögga og gegna menn til að fara í utansveitaréttir þar sem helst er fjárvon og þar sem fé gengur saman. Skulu þeir hirða fé úr sínu sveitarfélagi eða fjallskiladeild.

## VII. KAFLI

**Um meðferð óskilafénaðar.**

31 gr.

Ómerkingum og óskilafé sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi og sér hreppstjóri um að svo sé gert.

Öllum ómerkingum fjallskilasjóðs eða sveitarsjóðs skal lógað í sláturhúsi.

Með fé sem farið hefur yfir varnarlinur skal fara skv. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýra-sjúkdóma og varnir gegn þeim.

Sé um óskilahross að ræða sem finnast á afréttum eða heimalöndum, skulu þau, ef enginn finnst eigandi, tilkynnt hreppstjóra. Ef þörf gerist sendir hreppstjóri lýsingar á hross-unum til sveitarstjórna nærliggjandi sveitarfélaga. Ennfremur skal hreppstjóri auglýsa óskilahrossin til sölu á uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

Að öðru leyti gilda reglur um lausafjáruppboð um sölu hrossanna. Skyld er landráðanda þar sem hrossin finnast að annast þau til söludags en rétt á hann á hæfilegu endurgjaldi fyrir.

32. gr.

Fyrir árslok skal sýslumaður birta í Lögbirtingablaði greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði sem seldur hefur verið í sýslunni. Í ómakslaun og prentunarkostnað greiðist hæfilegt gjald.

33. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:

1. Gæslukostnaður
2. Sölukostnaður (sölulaun og vottalaun)
3. Auglýsingakostnaður
4. Fundarlaun og björgunarlaun

Að öðru leyti greiðist andvirði fénaðarins til eigenda ef þeir innan septemberloka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóði.

## VIII. KAFLI

**Um eftirleit einstakra manna.**

34. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið má sveitarstjórn leyfa einstökum mönnum eftirleitir á afréttum, annaðhvort fyrir ákveðna greiðslu eða á kostnað leitarmanns sjálfs. Fundarlaun fyrir fé sem finnst í slíkri eftirleit má vera 1/2 af verði fjárins.

35. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða það fé er finnst í heimalandi hans eftir að almennum smölunum er lokið og tilkynna fjáreigendum.

**IX. KAFLI**  
**Um sveltistökur.**

36. gr.

Verði gangnamenn eða aðrir varir við fé í ógöngum eða svelti, skal tilkynna það strax sveitarstjórn eða eiganda lands. Síðan skal svo fljótt sem unnt er gerð tilraun til að handsama féð og færa til skila sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem féð er teppt, sbr. 57. gr. laga nr. 6/1986. Heimilt er sveitarstjórn að krefja eiganda fjárins um kostnað við sveltistöku þó ekki meiri en andvirði fjárins nemur.

Sé mjög erfitt að ná fé úr svelti að mati sveitarstjórnar er henni skylt að láta skjóta það sé það unnt.

**X. KAFLI**  
**Um mörk og markaskrár.**

37. gr.

Búfjármörk eru eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra.

Skyldur er hver fjáreigandi að hafa glöggst eyrnamark á öllu fé sínu. Sé eyrnamark óskýrt skal hyrnt fé brennimerkt á hægri horni marki fjáreiganda, en kollótt fé merkt sama marki með plötumerki í hægri eyra.

38. gr.

Allt sauðfé, veturgamalt og eldra, skal brennimerkja með hreppsmarki í vinstra horn eða merkja með sama marki á plötu í vinstra eyra.

Merki fjallskiladeilda í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

|                     |     |
|---------------------|-----|
| Bæjarhreppur        | Z-1 |
| Nes                 | Z-2 |
| Höfn                | Z-3 |
| Mýrar               | Z-4 |
| Borgarhafnarhreppur | Z-5 |
| Hofshreppur         | Z-6 |

39. gr.

Fjármörk geta menn erft, keypt eða eignast að gjöf. Heimilt er að taka upp nýtt mark en enginn má taka upp mark er líkist svo mörkum sem fyrir eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna að hætta sé á misdrætti. Mikil særingarmörk má ekki taka upp né heldur þau mörk sem vandkvæði er á að marka svo glöggst sé. Fleiri en tvö undirben má ekki hafa saman á sama eyra.

40. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind sem mark ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi.

Óheimilt er manni að draga sér kind sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem umfram er eða á vantar.

Ef kind er með brennimarki annars manns en þess er á eyrnamarkið skal sá talinn eigandi sem á brennimarkið. Sönnur skal eigandi brennimarks færa fyrir eignarrétti sínum ef eigandi eyrnamarks krefst þess.

Nú vill maður eigna sér kind ómarkaða, afeyraða eða með óþekkjanlegu eða vafasömu marki og skal þá sveitarstjórn kveða til tvo óvilhalla menn til að meta með sér ástæður þær

sem hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Komi þeim öllum saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign annars telst hún til óskila. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétt hæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötu-merki og síðan eyrnamark.

#### 41. gr.

Héraðsnefnd skal láta prenta markaskrá áttunda hvert ár. Héraðsnefnd felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Hann sér einnig um birtingu nýrra marka í Lögbirtingablaði. Markavörður safnar mörkum í markaskrár með aðstoð sveitarstjórna. Sérhver markeigandi er skyldur til að láta birta mörk sín í markaskrá og greiða gjald fyrir sem héraðsnefnd ákveður.

Markavörður skal gæta þess að ekki séu tekin upp ný mörk sem notuð eru í héruðum þar sem búast má við samgangi sauðfjár sbr. reglugerð nr. 579/1989 gr. 11.3.14 varðandi sammerkingar á sauðfé.

Nú vill einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark milli þess sem markaskrár eru gefnar út, skal hann fá til þess samþykki markavarðar sem síðan auglýsir markið í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark nema það sé birt í markaskrá eða tilkynnt í Lögbirtingablaði. Þeir sem taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð skulu greiða kostnað við tilkynningu þess. Sama gildir um aðflutt mörk.

Markavörður skal fá þóknun fyrir starf sitt eftir samningi af tekjum þeim sem falla til við prentun markaskrár. Markaskrána skal prenta í það mörgum eintökum að allir markeigendur geti fengið eitt eintak og að auki nokkur til vara.

### XI. KAFLI

#### Um rekstra og flutning búfjár.

##### 42. gr.

Svo skal rekstrum haga að sem minnstur bagi verði þeim er lönd eiga sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fé.

Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja nema brýn nauðsyn sé. Eigi má leggja upp með rekstur fyrr en sauðljóst er orðið.

##### 43. gr.

Óheimilt er að reka hóp búfjár á vegum og í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Heimilt er lögreglustjóra að ioka vegum um skemmri tíma fyrir annarri umferð en fjárrekstrum.

Utan þéttbýlis má reka búfjárhópa eftir vegum en fylgja skulu hverjum rekstri nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar á vegum skal einn gæslumanna fara fyrir hópnum. Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum ef þess gerist þörf.

### XII. KAFLI

#### Um meðferð og hirðingu búfjár og ágang.

##### 44. gr.

Alltaf skal leitast við að fara svo vel með búfé sem unnt er. Eigi má svelta fénað við réttir, í rekstrum, í sláturhúsum eða annars staðar, frekar en unnt er.

Fé sem hýst er í sláturhúsum næturlangt skal hafa aðgang að vatni.



## 45. gr.

Bannað er að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu. Ekki má heldur misþyrma búfénaði á nokkurn annan hátt. Valdi hundar tjóni á búfé er eiganda þeirra skylt að bæta það að fullu.

## 46. gr.

Ef búfé annarra veldur óeðlilega miklum ágangi er eigandi þess skyldur að sækja það þá honum hefur verið tilkynnt um það. Ágangsfénaði skal eigandi koma fyrir í vörslu eða á afrétti.

Ágangspoli getur skotið máli sínu til sveitarstjórnar skv. 31. gr. laga nr. 6/1986, sinni fjáreigandi ekki ósk hans um að koma í veg fyrir ágang.

Sá sem tekur fé í vörslu sína má ekki fara illa með það á nokkurn hátt. Hann skal sjá um að nægilegt fóður og vatn sé fært fénu.

## 47. gr.

Kinda sem fara fullgildar girðingar, að dómi úttektaarmanna, skulu eigendur gæta svo og stórgripa sem brjóta hlið og girðingar.

Geri þeir það ekki má sveitarstjórn taka ágangspening og selja fyrir kostnaði og usla-gjöldum.

## XIII. KAFLI

**Refsiákvæði og gildistaka.**

## 48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o.fl. fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 34 12. mars 1951.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

**FJALLSKILASAMÞYKKT**

**fyrir Strandasýslu.**

## I. KAFLI

**Stjórn fjallskilamála.**

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Strandasýslu.